



Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 26. apríl 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftslagsmál (styrking á stjórnýslu og umgjörð), 758. mál.

Landgræðslan lýsir ánægju með fyrirliggjandi frumvarp það sem hér er til umsagnar. Almennt er um að ræða þarfar breytingar á gildandi regluverki og um allnokkurt skeið hefur legið fyrir að nauðsynlegt sé að ráðast í ákveðna endurskoðun þess. Landgræðslan vísar í umsögn sína, dags. 14. febrúar 2019, hver send var á Ísland.is – samráðsgátt stjórnvalda og hvar fram koma ábendingar um efni þeirra frumvarpsdraga sem þá lágu fyrir. Í fyrirliggjandi frumvarpi hefur að nokkru verið tekið tillit til fyrri ábendinga Landgræðslunnar en betur má ef duga skal.

Einstakar athugasemdir við efni frumvarps þessa eru eftirfarandi:

Um 2. gr.

Breytingar á 5. gr. laganna.

Landgræðslan fagnar mjög þessum, fyrirhuguðu, breytingum á lögum um loftslagsmál. Um er að ræða mikla réttarbót og felur í sér gleggri og skýrari útfærslu á markmiðum ríkisstjórnarinnar en áður hefur sést.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er tæki til þess að Ísland nái markmiðum stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu. Með þessu vilja stjórnvöld vinna að markmiðum sínum um kolefnishlutleysi. Þetta er mjög brýnt en um leið bendir Landgræðslan á að ástæða væri til að gefa gaum öðru mikilvægu markmiði; *landeyðingarhlutleysi* (LDN, Land Degradation Neutrality). LDN er eitt helsta áhersluatriði eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCCD) og fellur undir markmið 15.3 í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í dag hafa 120 lönd ákveðið að setja sér LDN markmið, Ísland er þó ekki þar á meðal og mjög brýnt að bæta þar úr.

Markmið um landeyðingarhlutleysi skiptir Ísland sérlega miklu máli varðandi það mál sem þetta frumvarp fjallar um. Landhnignun og –eyðing hefur hérlendis verið gríðarlegt vandamál og vegna jarðvegsrofs hefur gríðarlegt magn kolefnis tapast. Á sama tíma er uppbygging jarðvegs, og þar með endurheimt lands, sem er ein helsta leiðin til að ná LDN – besta varanlega aðferðin sem Ísland hefur völ á til kolefnisbindingar og þar með til að stuðla að því að markmið Parísarsáttmálans náist.

Landgræðslan hvetur því til að hugleitt verði að vísa í LDN markmið UNCCD hér og skapa þannig grundvöll að því að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 15.3, enda er það sérlega mikilvægt fyrir Ísland.

Nýtt ákvæði - 5. gr. a.

Hér er um að ræða sérstaklega mikilvægt ákvæði um áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Rétt er að benda á mikilvægi þess að áætlun þessi beinist hvort tveggja að aðgerðum

ríkisins sem og að hvetja og virkja almenning í aðgerðum til að ná loftslagsmarkmiðum Íslands, enda er þetta samfélagsverkefni en ekki verkefni sem ríkið eitt ber ábyrgð á.

Um 3. gr.

Hér skal einungis bent á það sem áður hefur fram komið um að brýnt sé að nægjanlegt fjármagn sé tryggt þeirra verkefna er í grein þessi eru tíunduð.

Um 4. gr.

Úr 2. mgr. er felld upptalning á þeim stofnunum sem ber, lögum samkvæmt, að taka saman upplýsingar sem krafist er vegna losunarbókhaldsins og skila þeim til Umhverfisstofnunar.

Þó að fallast megi á þau rök sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu, þ.e. að það auðveldi breytingar á skilum gagna vegna bókhaldsins að upptalning þeirra stofnana sem ber skylda til að skila gögnum til Umhverfisstofnunar sé framvegis í reglugerð um gagnasöfnun en ekki í lögum, fylgja því líka ókostir. Fyrirsjáanleikinn fyrir einstakar stofnanir er þannig t.a.m. minni. Hér er lagt til að breytingin verði þannig að í lögum séu taldar upp þær stofnanir sem ótvírætt skuli skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar en að heimild verði til að bæta við fleirum, eftir atvikum, með ákvæði í reglugerð.

Landgræðslunni er t.a.m. ætlað það hlutverk að fylgjast með og gefa yfirlit yfir landnotkun og breytingar á landnotkun, annarra en skóga. Í ljósi 6. gr. laga um loftslagsmál ber stofnuninni að skila gögnum þar um til Umhverfisstofnunar. Landgræðslan ber ábyrgð skilum á gögnum sem ná til stórs hluta Íslands, þ.e. alls lands sem flokkast sem ræktað land, votlendi, graslendi, landgræðsluland og auðnir. Kröfur vegna skila á gögnum, sem Landgræðslunni er ætlað að halda utanum, munu aukast verulega frá og með árinu 2021. Verkefni þetta er gríðarlega umfangsmikið og dýrt en gefur um leið þær nauðsynlegar upplýsingar sem Íslandi ber að standa skil á. Grunnöggn þau sem byggja þarf á eru takmörkuð og vinnu við þau er langt frá því að vera lokið. Sú nauðsynlega vinna sem fyrirsjáanleg er vegna þess hefur enn ekki verið fjármögnuð. Spyrja má í því ljósi hvort eðlilegt sé að ein stjórnýslustofnun (Umhverfisstofnun) geti kafið aðra stofnun (Landgræðsluna) um skil á gríðarlega umfangsmiklum og dýrum gögnum, án þess að tryggt sé að nokkurt fjármagn sé fyrir hendi til þessarar vinnu.


Um 5. gr.

Mikilvæg grein um loftslagssjóð og til þess fallin að hvetja bæði háskóla og atvinnulíf til að beina sjónum sínum að rannsóknum sem tengjast loftslagsbreytingum og aðgerðum gegn þeim. Þessi sjóður sýnist hins vegar vera samkeppnissjóður. Um leið og undirstrikað er mikilvægi hans verður að tryggja að þær stofnanir sem er falið að framkvæma hluta af mótvægisáðgerðum Íslands, t.d. Landgræðslunni og Skógræktinni, hafi bæði fjármagn og nægar heimildir til að ráðstafa því til rannsókna eins og stofnanirnar telja nauðsynlegar vegna þróunar aðferða eða til að uppfylla skuldbindingar gagnvart loftslagsbókhaldi Íslands eins og t.a.m. er kveðið á um í Parísarsamningnum.


Með breytingatillögu þeirri sem hér liggur fyrir er m.a. fellt út úr 29. gr. gildandi laga að loftslagssjóður getir styrkt: *c. verkefni sem stuðla að endurheimt votlendis og verkefni er stuðla að bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, svo sem með skógrækt og landgræðslu*. Landgræðslan telur þessa breytingu síst af hinu góða og mótmælir henni. Það er ekki til bóta að skera út styrki til þessara gríðarlegu þýðingarmiklu verkefna, í loftslagslegu tilliti, og ekkert komi þeirra í stað. Lagt er til að 29. gr. orðist svo:

Loftslagssjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála, verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga og verkefni sem stuðla að endurheimt vottendis og bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi, s.s. með skógrækt og landgræðslu. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir meðal annars til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason,
landgræðslustjóri.



Birkir Snær Fannarsson,
lögfræðingur.